

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson

Þróunarfulltrúi grunnskóla

vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðin að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutunsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 20. TBL.

29. JANÚAR 2010

Frístundabíllinn hefur göngu sína í bænum

Frístundabíllinn er samfélagslegt tilraunaverkefni milli nokkurra einkafyrirtækja og Hafnarfjarðar sem verður í prófun til vors. Það er sérstakt rútuleiðakerfi fyrir börn á aldrinum 6-20 ára í Hafnarfirði til að þau geti sótt íþróttir og aðrar tómstundir alla virka daga eftir að kennslu í grunn-/framhaldsskóla lýkur. Bíllinn hóf göngu sína í þessari viku og hafa mörg börn og unglingar prófað bílinn. Það voru t.d. rúm 500 börn sem nýttu sér bílinn á miðviku-



daginn en færri aðra daga (landsleikir þá líka í gangi).

Til vors er fast gjald fyrir notkun bílsins kr. 6.000 á barn eða kr. 1.500 á mánuði. Framhald verkefnisins eftir það ræðst svo af því hvort notkun Frístundabílsins stendur undir sér með þeim stuðningi sem hann fær.

Í tengslum við verkefnið hafa foreldrar nemenda í grunnskólum í bænum fengið tölvupóst sem kynnti verkefnið. Í morgun var send tölvupóstur í umsýslu Skólaskrifstofu til sömu foreldra til að fá fram sjónarmið þeirra til þjónustu Frístundabílsins, t.d. hvort breytinga sé þörf á tímaþingningum sem gæti hentað fjölskyldunum betur. Þær upplýsingar verða nýttar til að bæta þjónustuna því verkefnið er enn í mótun. Fyrir utan aksturinn er aðstoðarmaður í hverri rútu sem hjálpar til og leiðbeinir börnunum um leiðirnar og milli bíla því fjórir bílar eru í gangi í einu.

Nánari upplýsingar um Frístundabílinn má fá á vef verkefnisins (sjá hér neðar).



Þjóðfundur um menntamál 2010

Þjóðfundur um menntamál 2010 verður haldinn laugardaginn 13. febrúar kl. 9:30-15:30 í HÍ (Stakkahlíð). Fundurinn er í beinu framhaldi af þjóðfundi 2009 og byggir á hugmyndafræði hans. Á þjóðfundi um menntamál er ætlunin að stíga markviss skref í átt að mótun stefnu þjóðarinnar í málum er varða menntun íslenskra barna og ungmenna að 16 ára aldri. Í stuttu máli verður viðfangsefni fundarins þríþætt:

- að fá fram gildi sem liggja



ættu til grundvallar menntun á leik- og grunnskólastigi

- að skilgreina helstu markmið menntastarfsins
- að gera tillögur um aðgerðir (breytingar, verkefni, ákvarðanir)

Fyrirkomulagið verður svipuð og á þjóðfundi 2009 en áhersla lögð á að komast lengra í að marka þær leiðir sem hægt er að fara að settum



Skólaþróun

markmiðum. Tillögum um aðgerðir verður komið til þeirra sem geta hrint þeim í framkvæmd. Hugmyndin er að þátttakendur verði um 300 og að helmingur þeirra verði foreldrar og hinn helmingurinn fagmenn úr ýmsum áttum. Vinnulag verður með svipuðum hætti og á þjóðfundinum 2009 þar sem sérhver þátttakandi fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum. Allir koma á fundinn sem einstaklingar en ekki sem fulltrúar einstakra stofnana eða hagsmunaaðila. Skráning fer fram í gegnum vefsíðu verkefnisins.

VERKEFNISVEFSLÓÐ: <http://menntafundur.ning.com/>



Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Frá **Námshagstofnun**: Tvær nýjar fræðslumyndir til niðurhlaðs fyrir skóla eru komnar, myndirnar **Úti í mýri** sem er fræðslumynd í náttúrufræði og myndin **Goðsagnir og Íslendingasögur** sem er fræðslumynd í íslensku. Nýútkomin er bókinn **Númi og konurnar** sem er samstarfsverkefni Námshagstofnunar og Slysavarnafélagsins Landsbjargar og er í senn bók til lestrarþjálfunar og til að minna á mikilvæg atriði í tengslum við slysavarnir.

» **Ýmsar dagsetningar á vorönn 2010**: Skilafrestur í teikningum 6. bekkinga fyrir boðskort á lokahátíð Stóru upplestarkeppinnar er mánudaginn kemur, 1. febrúar, til Skólaskrifstofunnar. Skilafrestur á sögum í smásagnasamkeppninni er til 12. febrúar til Skólaskrifstofu. Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar sjálfrar er þriðjudaginn 23. mars kl. 17. Barnakóramót Hafnarfjarðar verður laugardaginn 20. mars í Víðistaðakirkju. Skilafrestur á efni í margmiðlunarsamkeppni Skólaskrifstofunnar er til 30. apríl. Þá verður íþróttakeppni grunnskóla fyrir 9. bekkinga miðvikudaginn 5. maí á Ásvöllum. Þá taka 4. bekkingar þátt í verkefninu *Söngurinn ómar...* sem verður mánudaginn 31. maí (f.h.). 6. bekkungum verður áfram boðið að semja ljóð til að kynna bæjarbúum í stofnunum og fyrirtækjum í miðbæ Hafnarfjarðar meðan á dagskrá *Bjartra daga 2010* stendur. Skilafrestur bekkja á ljóðum er 14. maí til Skólaskrifstofunnar og munu 6. bekkir fljótlega fá möppu undir ljóð nemenda í hverjum bekk.



kl.



Greinar um skólastarfi í Hafnarfirði

Tímariðið **Uppeldi og menntun**, seinna hefti 2009 er komið út. Áhugavert er að tvær greinar í blaðinu tengjast skólastarfi í Hafnarfirði. Þetta eru tvær fyrstu greinarnar og fjalla um forvarnir og meðferð við hegðunarerfiðleikum barna. Þetta er annars vegar grein eftir Önnu Björnsdóttur og Margréti Sigmarsdóttur á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar sem skrifa um PMTO-aðferðina og áhrif hennar á hegðunarerfiðleika barna í Hafnarfirði. Hins vegar er þetta grein Sigurborgar K. Kristjáns-



VEFSLÓÐ: <http://rannsokn.khi.is/utgafa/timarit/uppeldiogmenntun.htm>



Símenntun

dóttur, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, og Rúnar Sigþórs-sonar, sem fjallar um innleiðingu PMT-verkfæra með starfendaránnsókn í leikskóla. Margar fleiri áhuga-verðar greinar eru í tímaritinu.

Hægt er að panta ritið og/eða áskrift í síma 525 5980; mvs-simennt@hi.is.

Ritið er einnig fánlegt í Bóksölu kennaranema v/ Stakkahlíð, Bóksölu Stúdentta Háskólatorgi, Bókabúð Máls og menningar, Lauga-vegi og Pennanum-Eymundssyni, Akureyri.

Tilkynning vikunnar

Námshagstofnunin er í fullum gangi og fyrstu námshagstofnunin hefst 8. febrúar. Munið að senda inn tilkynningar um þátttöku á námshagstofnunum.

Næsta blað Skólavefritsins er væntanlegt föstudaginn 5. febrúar 2010

„Veffiðrildi“ í (tungumála)kennslu

„Veffiðrildi“ (ibutterflies) er kennslufræðihugmynd sem felst í því nota litla hugmynd (kennsluefni, aðferð) til að örva námi í nemendahópi og efla samstarf innan hans. Upphaflega er hugmyndin sótt í þau áhrif sem fiðrildi á einum stað í veröldinni getur haft með litlum áhrifum á einum stað sem



geta haft keðjuverkandi áhrif víða um vistkerfi jarðar (fiðrildaáhrifin).



Með því að setja „vef“ fyrir framan er kennsluhugmyndin sett í tölvutækan búning, t.d. í gegnum vefsíðu sem miðlar þá kennslufræðilegum hugmyndum sem hægt er að nýta í skólastarfi. Vefur vikunnar er þannig



„veffliðrildavefur“ fyrir tungumálakennslu.

Nokkrar mismunandi hugmyndir af útfærslu kennslu með „veffliðrildi“ eru í gangi.



Vísað er á umrædda vefsíðu til nánari fróðleiks (sem að vísu er á ensku enda fyrir tungumálakennara).

VEFSLÓÐ: <http://vefir.mh.is/ingis/iButterflies/index.htm>



Vefhornið